

Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku í dreifbýli 2018

Skýrsla til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku í dreifbýli 2018

Skýrsla til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Ritstjórn:
Benedikt Guðmundsson
Jón Ragnar Guðmundsson

Útgefandi:
Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík
Sími: 569 6000, Fax, 568 8896
Tölvupóstur: os@os.is
Heimasíða: <http://www.os.is/>
Hönnun og uppsetning: Baldur Pétursson, Orkustofnun
Yfirllestur: Þórunn Erla Sighvats

Þessi skýrsla er gefin út á vef Orkustofnunar
Efni skýrslunnar má nota, en þess er óskað að heimildar sé getið.

OS-2019-02
ISBN 978-9979-68-489-3

Apríl 2019

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
2	NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2017	5
2.1	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR	5
2.2	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG VEGNA HEIMARAFSTÖÐVA	7
2.3	STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÓFLUNAR	7
2.4	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM	7
2.5	ORKUSPARNADARÁTAK	7
2.6	NIÐURSTAÐA ÁRSINS 2017	7
3	ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2018	8
3.1	SUNDURLIÐUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 ÁRIÐ 2018	8
3.2	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR	8
3.3	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG VEGNA HEIMARAFSTÖÐVA	9
3.4	STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÓFLUNAR	10
3.5	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM	10
3.6	ORKUSPARNADARÁTAK	10
3.7	ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2018	11
3.8	DREIFING ORKU Í DREIFBÝLI ÁRSINS 2018	11
4	FRUMDRÖG AÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2019	11
4.1	SUNDURLIÐUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 ÁRIÐ 2019	11
4.2	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR	11
4.3	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG HEIMARAFSTÖÐVUM	12
4.4	STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÓFLUNAR	12
4.5	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM	12
4.6	ORKUSPARNADARÁTAK	12
5	NIÐURLAG	13

TÖFLUYFIRLIT

TAFLA 1: SKIPTING NIÐURGREIÐSLNA MILLI DREIFIVEITNA FYRIR ÁRIÐ 2017 Í MWST.	6
TAFLA 2: SKIPTING NIÐURGREIÐSLNA MILLI DREIFIVEITNA FYRIR ÁRIÐ 2017 Í M.KR.	6
TAFLA 3: STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG EINSTAKLINGA ÁRIÐ 2017	7
TAFLA 4: RÁÐSTÖFUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 Á ÁRINU 2017 Í M.KR.	8
TAFLA 5: RÁÐSTÖFUN VIÐFANGS 111 AF FJÁRLAGALIÐ 04-583 Á ÁRINU 2017	8
TAFLA 6: SKIPTING FJÁRLAGALIÐAR 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2018 Í M.KR.	8
TAFLA 7: ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN VIÐFANGS 111 AF FJÁRLAGALIÐ 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2018.....	9
TAFLA 8: BEIÐNIR UM STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG EINGREIÐSLUR TIL EINSTAKLINGA	10
TAFLA 9: HEILDARFJÁRMAGN TIL RÁÐSTÖFUNAR FYRIR VIÐFANG 112 Á ÁRINU 2018 Í M.KR.	11
TAFLA 10: RÁÐSTÖFUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 Á ÁRINU 2019 SAMKVÆMT FJÁRLAGAFRUMVARPI	11
TAFLA 11: FRUMDRÖG AÐ SKIPTINGU VIÐFANGS 111 AF FJÁRLAGALIÐ 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2019	12

MYNDAYFIRLIT

MYND 1: SUNDURLIÐUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 ÁRIÐ 2017	5
MYND 2: NIÐURGREIÐSLUR TIL HÚSHITUNAR FRÁ 1983-2017 Á VERÐLAGI HVERS ÁRS OG M.V. MEDALVÍSITÖLU NEYSLUVERÐS ÁRSINS 2017.....	6
MYND 3: NIÐURGREIDDAR GWST TIL HÚSHITUNAR FRÁ 2005-2018 OG ÁÆTLUN 2019	9

1 Inngangur

Raforka til húshitunar hefur verið niðurgreidd af opinberu fé frá árinu 1983. Orkustofnun er, samkvæmt lögum nr. 78 frá 2002, falið að hafa umsjón með málaflokknum og skila árlega skýrslu til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Þar á að koma fram ráðstöfun fjár samkvæmt lögum þessum á næstliðnu ári. Einnig skal leggja fram endurskoðaða áætlun greiðslna yfirstandandi árs og áætlun fyrir næstkomandi ár.


Greina skal sundurliðað hve miklu fjármagni er varið til niðurgreiðslu húshitunar, stofnstyrkja hitaveitna og orkusparnaðaraðgerða. Þar er einnig að finna upplýsingar um sérstakar aðgerðir með sama markmiði, þ.e. niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna heimarafstöðva, eingreiðslur vegna aðgerða til orkusparandi framkvæmda s.s. smávirkjana, varmadælna og jarðhitaleitar á köldum svæðum.

Skýrslan er gerð í desember 2018, áður en fjárlög ársins 2019 hafa verið samþykkt af Alþingi og verður því áætlun ársins 2019 byggð á því sem fram kemur í frumvarpinu og verður endurskoðuð þegar fjárlagafrumvarp ársins 2019 hefur verið samþykkt.

2 Niðurgreiðslur ársins 2017


2.1 Almennar niðurgreiðslur

Á fjárlögum 2017 varð sú breyting að ákveðnir liðir voru sameinaðir og færðir undir fjárlagaliðinn 04-583, niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku. Heildarupphæð fjárlagaliðarins var 2.968,8 m.kr. og á mynd 1 má sjá nánari sundurliðun á honum. Dreifbýlisframlag, til jöfnunar á kostnaði við dreifingu raforku í dreifbýli, til jafns við dýrasta þéttbýlisverð, er innheimt með jöfnunargjaldi á alla orku sem fer um dreifikerfið, að undanskilydri stóriðju. Notendur utan samveitna er flokkur sem snýr að raforkuframléiðslu í Grímsey og Flatey þar sem ríkissjóður greiðir allan kostnað umfram tekjur af sölu rafmagns á þessum stöðum. Auk þess voru settar 150 m.kr. í sérstakan styrk til Vestmannaeyja vegna uppsetningar á sjóvarmadælu. Upphaflega voru 300 m.kr. ætlaðar fyrir það verkefni en helmingur upphæðarinnar kom til greiðslu á fjárlögum 2016.



Mynd 1: Sundurliðun fjárlagaliðar 04-583 árið 2017

Um árabíl hefur raforka til húshitunar verið niðurgreidd af opinberu fé. Í heildina hefur verið varið úr ríkissjóði tæpum 45 milljörðum króna, á verðlagi ársins 2017, til lækkunar á húshitunarkostnaði íbúa landsins sem ekki njóta hitaveitu.



Mynd 2: Niðurgreiðslur til húshitunar frá 1983-2017 á verðlagi hvers árs og m.v. meðalvísitölu neysluverðs ársins 2017

Magn niðurgreiddrar orku til húshitunar hefur aldrei verið lægra en á árinu 2017 eða 290,3 GWst. Það sást fljótlega á aflestrum mæla í upphafi árs 2017 en ástæðu þess mátti rekja til góðs árferðis á árinu á undan. Hitastig ræður mestu um notkun og er stundum nefnt að fyrir hverja gráðu aukist eða minnki árleg notkun um 5%. Einnig hefur hitaveitu- og varmadæluvæðing sveitanna leitt til lækkunar á niðurgreiddri orku.

Tafla 1: Skipting niðurgreiðslna milli dreifiveitna fyrir árið 2017 í MWst.

Niðurgreiðslur (MWst)	RARIK	Orkubú Vestfjarða	HS Veitur	Rafveita Reyðarfjarðar	Veitur	Samtals
Bein rafhitun	151.819,8	31.567,3	5.600,9	10.029,2	988,7	200.004,0
Fjarvarmi	14.755,6	38.799,8	36.745,9			90.301,4
Samtals	166.573,5	70.367,1	42.346,9	10.029,2	988,7	290.305,4

Tafla 2: Skipting niðurgreiðslna milli dreifiveitna fyrir árið 2017 í m.kr.

Niðurgreiðslur (m.kr.)	RARIK	Orkubú Vestfjarða	HS Veitur	Rafveita Reyðarfjarðar	Veitur	Samtals
Bein rafhitun	1.015,47	199,06	29,88	50,59	5,62	1.300,62
Fjarvarmi	57,58	142,80	109,25			309,63
Samtals	1.073,04	341,86	139,13	50,59	5,62	1.610,24

2.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna heimarafstöðva

Á árinu 2017 voru niðurgreiðslur vegna olíuhitunar 5,4 m.kr. sem er svipað og árið á undan. Til viðbótar þeim sparnaðaraðgerðum sem farið var í á fyrri árum hefur aukin fjarvera íbúa t.d. í Grímsey leitt til minni olíunotkunar. Niðurgreiðslur til eigenda heimarafstöðva voru 4,3 m.kr. sem er u.þ.b. einni milljón meira en á síðasta ári sem stafar af bilun í virkjun í Skagafirði sem leiddi til þess að greiða þurfti notendum tímabundið skv. gjaldskrá RARIK. Til þessa málaflökks fóru því 9,7 m.kr.

2.3 Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Styrkir til vistvænnar orkuöflunar hjá einstaklingum námu 49 m.kr. á árinu 2017 og bendir allt til þess að umsóknum muni fjölga jafnt og þétt á komandi árum.

Hitaveituframkvæmdir voru víða á landinu en þær stærstu voru í Kjósarhreppi og Húnaþingi vestra. Fyrir lágu beiðnir um hálfan milljarð króna en að teknu tilliti til takmörkunarákvæðis í lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, þar sem kveðið er á um að aðeins 20% af fjárveitingu ársins til niðurgreiðslna mættu renna til hitaveitna gat upphæðin ekki orðið hærri en 350 m.kr. Þrátt fyrir ákvæðið lá ljóst fyrir að ekki væru nægjanlegir fjármunir til að greiða innkomnar beiðnir. Endanlegar greiðslur ársins 2017 má sjá í töflu 3.

Tafla 3: Stofnstyrkir til hitaveitna og einstaklinga árið 2017

Styrkþegi	Upphæð
Kjósarveitur	106.744.566 kr.
Hitaveita Egilsstaða og Fella	5.145.600 kr.
Samtals - Stofnstyrkir til hitaveitna	111.890.166 kr.
Eingreiðslur til einstaklinga	48.426.543 kr.
Samtals – Stofnstyrkir og eingreiðslur	160.316.709 kr.

2.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Heimilt er að verja allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslna vegna húshitunar, til jarðhitaleitar á köldum svæðum. Það er ráðherra að ákvarða hverju sinni hversu miklu skuli varið til jarðhitaleitar og á árinu 2017 var ákvörðun ráðherra, samkvæmt tillögu Orkustofnunar, að sleppa því að leggja fjármuni til jarðhitaleitar þar sem mörgum verkefnum er ekki lokið sem útteilt var á árum áður.

2.5 Orkusparnaðaráttak

Áfram er unnið með aðilum sem tengjast brothættum byggðum með átaki til orkusparnaðar sem felst í styrkjum til bættrar einangrunar, gluggaskipta eða annarra aðgerða sem lækkar orkureikning notandans.

2.6 Niðurstaða ársins 2017

Þrátt fyrir að magn niðurgreiddrar orku hafi aldrei verið minna frá upphafi en á árinu 2017 vantaði töluvert uppá að endar næðu saman enda voru ýmsir utanaðkomandi þættir erfiðir viðureignar. Þegar upp var staðið reyndist nauðsynlegt að millifæra milli viðfanga á fjárlagalið 04-583 þannig að viðfang 111, niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis, fékk 87 m.kr. lánaðar af viðföngum 112 og 113 sem greiða þurfti í ársbyrjun 2018.

Tafla 4: Ráðstöfun fjárlagaliðar 04-583 á árinu 2017 í m.kr.

Viðfang	Staða 01.01.2017	Framlag 2017	Millifært 2017	Gjöld 2017	Staða 31.12.2017
111 - Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	0	1.900,7	87,0	-1.974,6	13,1
112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	0	924,4	-43,0	-901,3	-19,9
113 - Notendur utan samveitna	27,5	79,1	-44,0	-68,5	-5,8
Samtals					-12,7

Tafla 5: Ráðstöfun viðfangs 111 af fjárlagalið 04-583 á árinu 2017

Fjárlagaliður 04-583 / Viðfang 111	2017
Fjárheimild skv. fjárlögum 2017	1.750.700.000 kr.
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.610.241.742 kr.
Olía og heimarafstöðvar - niðurgreiðslur	9.723.912 kr.
Orkusparnaður - 1,5% af fjárheimild	26.260.500 kr.
Umsjón - Orkustofnun	18.000.000 kr.
Jarðhitaleit	0 kr.
Stofnstyrkir til hitaveitna og einstaklinga	160.316.709 kr.
Til ráðstöfunar í árslok 2017	-73.842.863 kr.
Millifært frá viðföngum 112 og 113	87.000.000 kr.
Staða í lok ársins 2017	13.157.137 kr.

3 Endurskoðuð áætlun ársins 2018

3.1 Sundurliðun fjárlagaliðar 04-583 árið 2018

Fjárlagaliður 04-583 samanstendur af þremur mismunandi viðföngum sem skiptast samkvæmt töflu 6.

Tafla 6: Skipting fjárlagaliðar 04-583 fyrir árið 2018 í m.kr.

Viðfang	m.kr.
111 - Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	2.268,2
112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	952,0
113 - Notendur utan samveitna	55,5
Samtals	3.275,7


3.2 Almennar niðurgreiðslur

Nú liggja fyrir útgjöld ársins m.v. 1. nóvember og bendir allt til, eins og búist var við á vordögum, að niðurgreiðslur verði töluvert meiri en á síðasta ári. Niðurgreiðslur sitja fyrir og önnur viðföng, sem ekki eru fyrirfram ákvörðuð, látin mæta afgangi. Tafla 7 sýnir skiptingu viðfangs 111 m.v. 1. nóvember og áætlun útgjöld til ársloka.

Tafla 7: Endurskoðuð áætlun viðfangs 111 af fjárlagalið 04-583 fyrir árið 2018

Fjárlagaliður 04-583 / Viðfang 111	31.10.2018	Áætlun í árslok
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2018</i>	<i>2.181.200.000 kr.</i>	<i>2.181.200.000 kr.</i>
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.567.387.859 kr.	1.918.918.155 kr.
Olíu og heimarafstöðvar - niðurgreiðslur	7.408.369 kr.	10.293.934 kr.
Orkusparnaður - 1,25% af fjárheimild	27.265.000 kr.	27.265.000 kr.
Umsjón - Orkustofnun	21.800.000 kr.	21.800.000 kr.
Jarðhitaleit	0 kr.	0 kr.
Stofnstyrkir til hitaveitna	303.591.086 kr.	303.591.086 kr.
Eingreiðslur til einstaklinga	17.592.696 kr.	27.592.696 kr.
Til ráðstöfunar í árslok 2018	236.154.990 kr.	-128.260.871 kr.

Beinar niðurgreiðslur stefna í að verða um 1.920 m.kr. sem má rekja til hærri raforkunotkunar sem kom í ljós á vordögum þegar búið var að framkvæma góðan hluta af mælaaflestrum ársins. Veðráttan hefur mun meira að segja um orkunotkun til húshitunar en nokkuð annað. Árið 2017 voru 290 GWst notaðar til húshitunar og hafa aldrei verið færri, en nú stefnir í að þær verði um 330 GWst á þessu ári. Það horfir því illa til endanlegs kostnaðar en í áætlun Orkustofnunar í mars var gert ráð fyrir að niðurgreiðslur næmu 1.770,3 m.kr.



Mynd 3: Niðurgreiddar GWst til húshitunar frá 2005-2018 og áætlun 2019

3.3 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna heimarafstöðva

Þessi liður fer að öllum líkindum lækkandi á næstu árum þar sem fyrir liggur beiðni um eingreiðslu vegna þriggja notenda með niðurgreiðslu á heimarafstöð. Þá verður stöðugt algengara að íbúar í Grimsey séu búsettir á meginlandinu stærstan hluta ársins án þess að færa lögheimilið úr eyjunni. Þessi aukna fjarvera ætti að leiða til minni hitunarkostnaðar.

Orkustofnun hefur nú þegar greitt, til beggja hópa, fyrstu þrjá fjórðunga ársins og hafa rúmar 7,4 m.kr. farið til olíu- og heimarafstöðva og er það í samræmi við áætlun ársins.

3.4 Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Í upphafi var tekin ákvörðun um að 308 m.kr. skyldu renna til hitaveitna í formi stofnstyrkja. Sú ákvörðun var tekin áður en í ljós kom að allar hitaveiturnar sem óskuðu eftir stofnstyrk uppfylltu ákvæði um 16 ára stofnstyrki. Enn eru margar beiðnir óafgreiddar og í töflu 8 má sjá útlitun á þeim verkefnum sem er lokið og ólokið.

Tafla 8: Beiðnir um stofnstyrki til hitaveitna og eingreiðslur til einstaklinga

Styrkþegi	Greitt 2018	Óafgreitt
Hitaveita Húnaþings vestra		
- Miðfjörður	8.988.672 kr.	16.051.200 kr.
- Hrútafjörður, norðan Reykja	33.203.245 kr.	3.401.898 kr.
- Hrútafjörður, sunnan Reykja ¹	- kr.	78.768.766 kr.
- Víðidalur ²	- kr.	220.020.810 kr.
Skagafjarðarveitur - Lýtingsstaðahreppur ³	59.024.493 kr.	67.391.956 kr.
Hitaveita Dalvíkur	23.820.141 kr.	2.517.571 kr.
Norðurorka Ólafsfirði	16.438.582 kr.	- kr.
Hitaveita í Kaldrananeshreppi ⁴	3.787.780 kr.	4.910.226 kr.
Höfn í Hornafirði ⁵		
Kjósarveita ⁶	158.328.173 kr.	81.592.464 kr.
Samtals - Stofnstyrkir til hitaveitna	303.591.086 kr.	474.654.891 kr.
Eingreiðslur til einstaklinga (fyrir árið 2018)	17.592.696 kr.	27.407.304 kr.
Samtals – stofnstyrkir og eingreiðslur	321.183.782 kr.	502.062.195 kr.

Skýringar með töflu 8

1. Enn er verið að leita af nægjanlegu magni af heitu vatni til að geta farið í framkvæmdina.
2. Flestir tengdir og nauðsynlegt að einbeita sér að þessari framkvæmd á árinu 2019.
3. Óljóst með endanlega upphæð vegna tregðu notenda við að tengjast.
4. Mjög óljóst með eftirstöðvar hvort yfir höfuð verði framkvæmt meira þarna.
5. Útreikningar sýna þörf á stofnstyrkjum uppá 1,3 milljarða króna, m.v. núgildandi gjaldskrá, og eru framkvæmdir hafnar en engin formleg umsókn hefur borist.
6. Væntanlega kemur stór hluti eftirstöðva til greiðslu á árinu 2019.

3.5 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Samkvæmt ákvörðun ráðherra, miðað við tillögu Orkustofnunar, verður engu fjármagni af fjárlagalið 04-583 veitt til jarðhitaleitar á köldum svæðum á árinu 2018.

3.6 Orkusparnaðaráttak

Samkvæmt lögum um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar nr. 78/2002 er heimilt að veita allt að 3% af fjárveitingu ársins til orkusparnaðaráttaks. Fjárframlag til þessa liðar er mjög mikilvægt og hefur það sannað sig og haft góð áhrif á þeim svæðum þar sem fjármunirnir hafa verið nýttir. Á undanförunum árum hefur megnið af þeim fjármunum sem verið hefur verið til orkusparnaðar farið á þau svæði landsins sem teljast til brothættra byggða með góðum árangri. Hefur það leitt til bættrar orkunýtingar, aukinnar atvinnu við viðhald og endurbætur á íbúðarhúsnæði á viðkomandi svæðum.

3.7 Endurskoðuð áætlun ársins 2018

Sú áætlun sem fram kemur í töflu 8 stendur að mestu óbreytt út árið að öðru leiti en því að stefnt er að því að greiða nokkra eingreiðslustyrki til einstaklinga sem þegar hafa fengið hluta greiðslu sinnar og hafa lokið framkvæmdum.

3.8 Dreifing orku í dreifbýli ársins 2018

Þegar reikningar fyrir október hafa borist er heildardreifing orku á dreifbýlissvæði RARIK innan skekkjumarka eða 0,8%. Það er hins vegar mikill munur á áætlun OV og rauntölum eða 16% meiri notkun en gert var ráð fyrir í upphafi. En þar sem RARIK er með um 83% af dreifingunni í dreifbýli þá er heildar frávikum um 2% frá áætlun.

Tafla 9: Heildarfjármagn til ráðstöfunar fyrir viðfang 112 á árinu 2018 í m.kr.

Viðfang (m.kr.)	Fjárlög 2018	Millifærslur v/2017	Samtals 2018
112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	952,0	43,0	995,0

Fjárlög gerðu ráð fyrir 952 m.kr. til dreifingar og síðan bættust við þær 43 m.kr. sem voru millifærðar af viðfangi 111 vegna ársins 2017. Núverandi áætlun gerir ráð fyrir að heildarkostnaður vegna jöfnunar á kostnaði við dreifingu raforku verði um 989 m.kr.

4 Frumdrög að áætlun ársins 2019

4.1 Sundurliðun fjárlagaliðar 04-583 árið 2019

Samkvæmt framlögðu fjárlagafrumvarpi ársins 2019 er gert ráð fyrir 3.379,1 m.kr. til niðurgreiðslna og tengdra verkefna. Er það hækkun um rúmlega 3% frá fjárlögum ársins 2018. Nánari skiptingu fjárlagaliðarins má finna í töflu 10.

Tafla 10: Ráðstöfun fjárlagaliðar 04-583 á árinu 2019 samkvæmt fjárlagafrumvarpi

Viðfang	m.kr.
111 - Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	2.340,3
112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	983,3
113 - Notendur utan samveitna	55,5
Samtals	3.379,1

4.2 Almennar niðurgreiðslur

Veðurfar á milli landshluta hefur verið mishagstætt á þessu ári. Norður- og Austurland hafa sennilega fengið hagstæðasta veðrið á árinu og má reikna með því að niðurgreiðslur á þeim svæðum verði minni en á síðastliðnu ári. Á móti kemur að Vestur- og Suðurland, sem og Vestfirðir, fengu í meðallagi gott ár. Má leiða líkum að því að orkunotkun til húshitunar á árinu 2019 verði eitthvað minni en á árinu 2018.

Útgjöld ársins 2018 stefna í að verða um 100 m.kr. umfram upphaflega fjárveitingu fyrir árið. Þá fjármuni þarf að gera ráð fyrir að greiða til baka af fjárveitingu ársins 2019. Ekki liggur fyrir hversu mikilli orku verður dreift í dreifbýli og því erfitt að segja til um hvert dreifbýlisframlagið getur orðið.

Raforkunotkun hefur almennt aukist, sérstaklega í dreifbýli, með auknum straumi ferðamanna. Þetta tvennt skapar ákveðin vandamál þar sem jöfnunargjald til jöfnunar á kostnaði við dreifingu raforku hefur hvergi nær dugað til og vandinn eykst eftir því sem orkunotkun í dreifbýli eykst umfram notkun í þéttbýli.

Hækkunarþörf dreifiveitna á næsta ári liggur að mestu fyrir og má þar helst nefna hækkun frá RARIK og OV, en þessi tvö fyrirtæki eru með um 85% af heildarniðurgreiðslum. Orkustofnun telur að ef gert er ráð fyrir að dreifbýlisframlagið fyrir árið 2019 verði óbreytt og orkunotkun til húshitunar um 316 GWst og greiða þurfi um 95 m.kr. af fjárveitingu ársins vegna umframkeyrslu á árinu 2018 verða niðurgreiðslur eins og fram kemur í töflu 11.

Tafla 11: Frumdrög að skiptingu viðfangs 111 af fjárlagalið 04-583 fyrir árið 2019

Fjárlagaliður 04-583 / Viðfang 111	Upphæð
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2019</i>	<i>2.340.300.000 kr.</i>
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.928.300.000 kr.
Olíuhitun - niðurgreiðslur	4.500.000 kr.
Heimarafstöðvar - niðurgreiðslur	4.500.000 kr.
Stofnstyrkir til hitaveitna	308.000.000 kr.
Áætluð skuld vegna uppgjörs fyrir árið 2018	95.000.000 kr.
Samtals	2.340.300.000 kr.

4.3 Niðurgreiðslur á olíuhitun og heimarafstöðvum

Ekki er búist við breytingum á niðurgreiðslum til olíuhitunar og heimarafstöðva á árinu 2019.

4.4 Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Ofanskráð áætlun í töflu 11 gerir ráð fyrir 308 m.kr. verði til ráðstöfunar fyrir Stofnstyrkir til hitaveitna á árinu 2019. Fjármunirnir verða m.a. nýttir til greiðslu styrkja vegna þeirra framkvæmda sem lauk á árinu 2018. Það er vaxandi eftirspurn eftir eingreiðslum frá einstaklingum sem eru að setja upp varmadælar til lækkunar á orkukostnaði sínum til húshitunar. Það er mat Orkustofnunar að eingreiðslur til einstaklinga sé hvað best heppnaða aðgerð sem ráðist hefur verið í með breytingum á lögum um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði. Hún skilar sér fjárhagslega hvað best í lækkuð niðurgreiðslu ásamt því að lækka orkureikninga einstaklinga og auka framboð á raforku inn á dreifikerfið.

4.5 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Vegna stöðu fjárlagaliðarins og annarra framkvæmda sem eru fyrirhugaðar á árinu 2019 metur Orkustofnun ekki fýsilegt að veita fjármagn til þessa málaflokks árið 2019. Þó bendir Orkustofnun á að þess er að vænta að á komandi árum myndist þörf fyrir að veita fjármagn í þennan málaflokk. Mikil vitundavakning, tækniþróun, og aukin þekking hefur orðið á síðustu árum sem hefur leitt af sér líkur á góðum árangri og meiri möguleikum á nýtingu lágs jarðhita til húshitunar, sem var ekki mögulegt á árum áður.

4.6 Orkusparnaðaráttak

Heimilt er að leggja allt að 3% af fjárlagalið 04-583 til orkusparandi aðgerða.

5 Niðurlag

Áætlun ársins er grófleg og í raun ekki hægt að leggja hana fram með nákvæmari hætti fyrr en allar rauntölur ársins 2018 liggja fyrir. Er því nauðsynlegt að endurskoða áætlun ársins 2019 þegar allar rauntölur ársins 2018 liggja fyrir og komin skýrari mynd af öðrum áhrifaþáttum. Dreifbýlisframlagið mun taka breytingum frá og með 1. apríl 2019 sem hefur m.a. áhrif á niðurgreiðslurnar og einnig þarf að tryggja að niðurgreiðslur standist þau viðmið sem höfð hafa verið að leiðarljósi.

